

| tíska | tíðarandinn | heilsa | leikhús | pistlar | matur | stjörnuspa |

birta
upplýsir málið

Yrsa Sigurðardóttir
Á SLÓÐ MORÐINGJA

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
17. - 23. nóvember

Toppur 6.490-
Pils 6.990-

Bolur 1.590-
Buxur 3.790-



JÓL 2006

Toppur 3.590-



Jakki 14.990-
Buxur 7.590-



NEXT

KRINGLUNNI · 551 3200



RÁÐGJÖF

arkitekta í EGG

18. og 19. 25. og 26.
nóvember

Arkitektar frá Arkitektafélagi Íslands verða til ráðgjafar í EGG alla laugardaga og sunnudaga í nóvember frá kl. 13:00-16:00.

Gjald er 2000 kr. fyrir 30 mínútur en það gjald endurgreiðist við kaup í versluninni sem fara yfir 10.000 kr.

Skráning á egg@egg.is og í síma 525 3400



20



18



26



14

Þetta helst

- 7 Bókin á náttborðinu
- 8 Heitt og kalt
- 8 Uppskera andans
- 10 Arnfríður Björg plötusnúður
- 12 Þar sem hugmyndir verða að veruleika

Greinar og viðtöl

- 14 Vill að hver búningur sé myndverk
- 20 Yrsa Sigurðardóttir: Sólgin í glæpasögur
- 26 Afríka á uppleið

Hann/hún

- 18 Marinerað nautakjöt með rósmaríni
- 32 Tísku-íkon: Edie Sedgwick
- 34 Handtöskur í hátískustíl
- 36 Töff álfadrottning: Cate Blanchett
- 38 Safnar fingurbjörgum
- 40 Stjörnuþá
- 40 Jóhanna Sveinsdóttir segir kynjasögur
- 42 Fyrirtíðaspenna
- 44 Kristín Eva Þórhallsdóttir elur upp
- 46 Er stress sjálfsgöður hlutur?

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku



*Handhægir, ljúffengir kjúklingastrimlar,
tilbúnir í salatið eða 5 mínútna upphitun*



HVITA KJÓBÓ / S.A. - 100%




EINFALT OG GOTT – NÝTTU TÍMANN VEL

Bókin á náttborðinu

Sagt er að maður eigi ekki að lesa uppi í rúmi fyrir háttinn, því það getur valdið andvöku. Hvað er þó huggulegra á vetrarkvöldi en að kúra undir þykkri sæng með góða bók í hönd? Ef bókin er góð getur hún vissulega komið í veg fyrir góðan nætursvefn, þar sem erfitt er að loka henni og leggjast til hvílu. Spennandi bók er hreinlega ekki hægt að leggja frá sér, og sorglegar bækur raska allri sálarró. Eitt er á hreinu að lífið væri dapurlegra án bóka og hver sú stund sem nýtist til lesturs er góð stund. Annars mælir ekkert gegn því að maður taki sér hvíld á miðjum degi, leggist upp í rúm og hverfi inn í eina bók. Raunveruleikinn mun kippa manni til baka, þangað til er best að tipla á línunum og velta góðum setningum í munni og fletta síðum inn í annan heim eða þennan.

Texti: KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR
Mynd: STEFÁN



UPPSKERA ANDANS

Í nóvember flæða út á markaðinn bækur, hljómdiskar og mynddiskar, Ítölvuleikir og spil. Enda er meiri afþreyingar þörf í skammdeginu en yfir hábjargræðistímamann. Hér á landi má búast við að um fimmtán hundruð bækur og tvö hundruð geisladiskar komi út á ári og megnið fyrir jólin. Þessari uppskeru andans er yfirleitt fagnað áður en ysinn og hlaðborðin hellast yfir, en eftir að skammdegið er farið að krefjast skemmtunar. Sem er einmitt um þessar mundir. Nú og fram í desember má finna útgáfutónleika og bókaupplestra í hverri viku, viðtöl við höfundu og tónlistarmenn í öllum fjölmiðlum og nýja andans uppskeru á hverjum degi. Í nóvember ættu allir sem vettungi geta valdið að bretta upp kragann, bjóða myrkrinu byrginn og bergja úr endurnærandi brunni menningar og lista. Af nógu er að taka.

Í **STÆRSTU BÓKABÚÐUNUM** eru kaffihús þar sem hægt er að setjast niður og glugga í nýjstu bækurnar yfir góðum kaffibolla. Indjáninn eftir Jón Gnarr er bók til að sökkva sér niður í og gleyma stund og stað en passaðu samt að kveikja ekki í ...



TÓMAS R. EINARSSON er alltaf mjög duglegur að gefa út diska og nú fyrir jólin er kominn út diskurinn Romm Tomm þar sem hann fær valinkunna tónlistarmenn til að spila með sér af fingrum fram. Diskur til að hleypa stuði í hverja veisluna á fætur annarri.

heitt & kalt

Heitt

ÚLPUR Gott er að vera í hlýrri úlpu nú þegar Vetur konungur er genginn í garð. Finndu úlpu við hæfi og þú munt ekki sjá eftir því.

BORAT er að verða vinsælasta gamanmynd allra tíma. Engin furða, þar sem manni verður illt af hlátri á þessari mynd. Guð blessi Borat.

NÝALDARHEILUN Sennilega er ekkert að marka þetta, en ef þú trúir þessu þá er það þitt mál. Ekki þröngva því upp á aðra.

VÍDEÓSPÓLUR. Hver notar VHS-spólur nú til dags?! Þær taka mikið pláss, taka skyndiákvörðun um að bíla allt í einu og við skulum ekki eini sinni ræða gæðin.

SKAMMDEGISPUNGLYNDI Það er ekkert verra en að leggjast í skammdegispunglyndi. Hreyfðu þig og ekki drekka áfengi því þá lendir þú í vítahring.


Hvorki heitt né kalt

ÍSKALT

ÍSLENDINGAR ERU TÓNELSKIR með afbrigðum og flestir í kór. Því má búast við að húsfyllir verði á útgáfutónleikum Helga Rafns í Borgarleikhúsinu á miðvikudaginn næsta. Helgi Rafn er hinn mesti hjartaknúsari og mörgum kunnur úr Idol-keppninni og Hárinu þar sem hann söng braginn um Frank Mills. Enginn veit hvort Frank fær að koma á tónleikana en búast má við bestu skemmtun.



MARGIR EIGA LJÚFAR bókmenntamíningar af Súfistanum þar sem hefð er fyrir upplestri úr jólabókunum. Hægt er að ganga að upplestri þar vísam á hverju fimmtudagskvöldi klukkan átta og þar nærðu líka í höfundana og getur fengið að vita hvað þeir voru eiginlega að hugsa. Næsta fimmtudag má rekast þar á Gerði Kristnýju og Kristínu Steinsdóttur meðal annarra. Og hver veit nema Þorsteinn frá Hamri verði í hópi áheyrenda ...



Í Evrópu eru mörg ólík lönd sem öll hafa sín sérkenni



Foto: SIA



**Með Vodafone Passport sameinast þau í eitt
mínútuverð. Það sama og á Íslandi.**

Með **Vodafone Passport** geta viðskiptavinir Vodafone sparað allt að 76% í útlöndum miðað við fimm mínútna símtal.

Skráðu þig strax á www.vodafone.is, komdu við í verslunum okkar, eða hringdu í 1414. Þú getur líka skráð þig með því að senda SMS skilaboðin **Passport** í 1900. Enginn stofnkostnaður, ekkert mánaðargjald.

gríptu augnablikið og lifðu núna






brennslan mín ...
Arnfríður Björg plötusnúður

Svíar gera frábært teknó

Hún heitir mörgum nöfnum. Þegar hún er að spila á ölstofum bæjarins kallar hún sig D.J. Alaska, vinir hennar kalla hana Öddu en hún heitir í alvörunni Arnfríður Björg. Hún tók sér tíma frá spílamennskunni og lét okkur fá tíu uppáhaldslög sín. „Þetta er lagalisti sem ég dansa Óla skans við, fyrir ömmu.“ segir Arnfríður. Þar höfum við það.

- LAG 1** **Double Shadow - Junior Boys.** Er svo mikið að elska þetta lag. Hefur taktinn, melódíuna, swing-ið, foxtrottíð og djæfið.
- LAG 2** **Free Stress Test - Professor Murder.** Algjört tívoliðlag. Hopp hí og indí með slavnesku ívafi ... samt ekki.
- LAG 3** **Some Polyphony - Petter.** Frábært Minimal teknó-lag. Svíar eru ekki bara alltaf að hugsa um efnahaginn. Stundum geta þeir sleppt sér og gert frábært teknó.
- LAG 4** **Burning - The Whitest Boy Alive.** Bara stuð og póker. Besta bandið sem spilaði á síðustu Airwaves-hátíð. Erlend Oye gæti brætt norðurljósið með þessari svífandi rödd sinni.
- LAG 5** **Beyond All Strategies - Sebastian Tellier.** Yndislegt lag til að hafa svona rólmó, kveikja á kertum og dansa á brókunum. Ég hef aldrei gert það sko, en gæti ímyndað mér.
- LAG 6** **Us Ones In Between - Sunset Rubdown.** Söngvarinn úr Wolf Parade með sitt hliðarspor. Flott lag með trekant munnflaut og píanó. Það eitt og sér er vert að tækka á.
- LAG 7** **Prayer To God - Shellac.** Var í Englandi á tónlistarhátíð sem heitir „All Tomorrows Parties“ fyrir nokkrum árum. Hélt ég myndi pissa í mig af gleði. Þeir voru klikkaðir á sviði og þetta lag gerði útslagið.
- LAG 8** **Don't You Want (tiga remix) - Zdar.** Dansaðu af þér strumpana og finndu synth-inn brenna af skinninu. Elektró upp á sitt besta.
- LAG 9** **Just One More To Fast - Theoretical Girl.** Lagið er frábært og textinn skemmtilegur. Svona taktföst indí-tónlist á breska vísu. „I cant stand you when your drinking. You stop thinking, you start feeling ... love.“
- LAG 10** **Í Kvöld - Haukur Morthens.** Brjálaður dramakasts texti. Ef þú klökknar ekki af þessu þá ertu dauður að innan!

» birta mælir með ...

... LEIKRITINU SITJI GUÐS ENGLAR Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

Stórskemmtileg fjölskyldusýning um sögu stórrar fjölskyldu í íslensku sjávarþorpi í síðari heimstyrjöldinni. Leikritið er byggt á hinum vinsælu bókum Sitji Guðs englar, Saman í hring og Sænginni yfir minni eftir Guðrúnu Helgadóttur. Bæði fullorðnir og börn geta skemmt sér konunglega yfir skemmtilegum samtölum fjölbreyttra persóna en þó er stutt milli hláturs og gráturs enda nokkur átakanleg atriði sem vega upp á móti gríninu.



... **BRESTIR Í BROOKLYN** eftir hin frábæra Paul Auster. Á köflum er lesandinn dálítið týndur en í lokin smellur þó allt saman og maður áttar sig á hversu mikið snilldarverk bókinn er.



... **70% SÚKKULAÐI** frá svissneska framleiðandanum Lindt.

Það bráðnar á tungunni og súkkulaðið er svo ekta að bragðið virkar nánast framandi. Svo er ekki úr vegi að prófa að nota það í súkkulaðidrykk, en þá er um að gera að vanda til verksins, nota lífræna mjólk og rjóma sem er nýkominn í verslanirnar.

Hárréttu spilin

NÝTT

VELDU SPIL, HVADÁ SPILSEM ER... og þú gætir fundið hárréttu greiðsluna fyrir þig. Margir standa fyrir framan spegilinn á hverjum morgni og vita ekkert hvað þeir eiga við hár sitt og skegg að gera. Flestir eiga sínar eftirlætishárgreiðslur en oft er ekki tími til

að snara þeim upp og hárið endar í sama gamla taglinu eða einhvern veginn í spennu. Þeir sem þjást af hugmyndaskorti ættu að verða sér úti um hárgreiðsluspilin svokölluðu sem bjóða upp á þrjátíu og níu mismunandi hárgreiðslur til að velja sér. Þrjátíu og níu ... vegna þess að allur spaðinn er lagður undir mismunandi skegg. Þessi spil er hægt að nota til að hleypa lífi í partíð með því að láta gesti draga spil og setja svo upp greiðsluna sem þar er sýnd og sæta refsingum ella. Þau eru þarfþing við baðvaskinn á morgnana þegar hugmyndaleysið hefur völd og svo er auðvitað líka hægt að spila rommí eða ólsen á hárgreiðsluspilin ef enginn er til í gagngerar breytingar á útliti sínu. Hárgreiðsluspilin fást í Tekkhúsinu og kosta 990 krónur.





JÓLIN ERU KOMIN Í DRAUMARÚM!



Ný sending af smávöru og gjafavöru sem gera hvert svefnherbergi einstakt.
Upplifðu jólin í svefnherberginu með fallegum sængurverum, ilmkertum,
dúnmjúkum púðum og einstökum Aloe Vera sængum.

HEIMSÆKTU DRAUMARÚM Í BÆJARLIND 4. GERÐU JÓLIN EFTIRMINNILEGRI!

SÆNGURVER - HANDKLÆÐI - SILKISÆNGUR - ILMKERTI - PÚÐAR



NÓVEMBERTILBOÐ! **20%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM!

DRAUMARÚM | Bæjarlind 4, Kópavogi
Sími: 534 5200

www.draumarum.is



Texti: EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR
Mynd: GVA

» ÞAR SEM HUGMYNDIRNAR VERÐA AÐ VERULEIKA

Fræðslumiðstöð í fíknivörnum hefur verið starfandi frá árinu 1993. Árni Einarsson er framkvæmdastjóri miðstöðvararinnar og hefur verið það frá stofnun hennar.

HVAÐ ER FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ Í FÍKNIVÖRNUM?

Fræðslumiðstöð í fíknivörnum er sjálfstætt starfandi stofnun sem vinnur með upplýsingar. Við skiptum starfinu í raun í fjóra þætti. Í fyrsta lagi reynum við að afla okkur upplýsinga um rannsóknir, verkefni og þróun þessara mála, sérstaklega á Íslandi, Norðurlöndunum og í Norður-Evrópu. Í öðru lagi reynum við að halda utan um þessar upplýsingar með ýmsum hætti og hafa þær aðgengilegar fyrir okkur og þá sem vilja vinna með þær. Hingað kemur fjöldi fólks á hverju ári að leita sér upplýsinga, háskólanemar sem eru að skrifa ritgerðir og framhaldsskólanemar sem eru að gera verkefni og við leiðbeinum þeim og bjóðum upp á vinnuáætlun. Þriðji þátturinn er að miðla upplýsingum og við gerum það með ýmsum hætti. Við höldum úti vefsíðunni forvarnir.is, gefum út tímarit tvisvar á ári og höldum fyrirlestra og námskeið. Fjórði liðurinn er það sem við köllum verkefnastjórn, en við erum með ýmis verkefni í gangi sem við höldum utan um og sinnum verkstjórninni.

HVAÐAN KOMA HUGMYNDIRNAR AÐ VERKEFNUNUM SEM ÞIÐ STANDIÐ FYRIR?

Hingað kemur margt fólk með hugmyndir að nýjum leiðum í forvörnum. Við tökum fullt mark á því sem grasrótin er að segja og lítum á það sem mjög mikilvægt innlegg í þennan málaflökk. Við setjumst niður með þeim sem koma með hugmyndir og reynum að skoða hversu raunhæfar þær eru, hvaða tæki við höfum til þess að framkvæma þær, hvað þarf af fjármagni og mannskap og hverja við þurfum að fá í lið með okkur til þess að hrinda þessu í framkvæmd. Við reynum að nýta reynslu okkar og þekkingu til þess að koma verkefnum af stað en síðan viljum við gjarnan að þau séu sjálfbær og gangi án þess að þeim sé miðstýrt frá einhverjum einum punkti.

HVAÐ HAFIÐ ÞIÐ VERIÐ AÐ GERA UPP Á SÍÐKASTIÐ?

Við höfum verið að vinna að ýmsum verkefnum. Síðasta árið höfum við til dæmis verið að vinna með tuttugu krökkum á aldrinum fjórtán til átján ára að verkefni sem við köllum „Ég ætla að bíða“ og byggir á þeirri staðreynd að allar rannsóknir sýna fram á tengsl byrjunaraldurs áfengisneyslu og vanda síðar meir. Krakkarnir eru sjálfir hugmyndsmiðir þessa verkefnis og við höfum bara haldið utan um það.

HVAÐ ER NÆST Á DAGSKRÁ?

Núna er kannski efst á baugi hjá okkur að við, ásamt fleirum, erum að leggja drög að forvarnaskóla sem er ætlaður þeim sem eru að vinna forvarnastarf víðs vegar í samfélaginu. Forvarnir eru málaflökkur sem margir láta sig miklu varða og þá er líka mikilvægt að þeir sem sinna forvörnum viti hvað þeir eru að gera. Skólinn verður opinn öllum eldri en tuttugu ára og námið tekur eina önn. Þetta er alvöru nám og hörkunám og við sendum öll prófin okkar utan til þess að fá á þau stimpil. Skólinn er viðurkenndur hjá alþjóðlegum samtökum sem reka nám á þessum grunni víða um heim og þeir sem útskrifast úr skólanum hjá okkur geta svo farið til Bandaríkjanna og tíu annarra Evrópulanda með sitt skírteini og notið sömu réttinda og þeir sem hafa farið í gegnum þetta nám í öðrum löndum. Við stefnum á að byrja með skólann núna í janúar og þó að við höfum ekki auglýst hann formlega hefur þetta spurst út og margir hafa haft samband við okkur. Ég geri ráð fyrir að við eigum eftir að fá gríðarlega fjölbreyttan hóp inn í skólann því þeir sem hafa haft samband við okkur koma alls staðar að og ég held að það muni gera hann sérstaklega skemmtilegan.

Vilt þú stunda nám í persónulegum skóla?

Góð aðstaða til náms, persónuleg þjónusta, öflugt félagslíf og kraftmikið íþróttastarf

Framhaldsskólinn á Laugum er heimavistarskóli í sveit. Þar er kennt á fjórum námsbrautum. Lögð er áhersla á persónulega þjónustu. Að vera í heimavistarskóla er lífsreynsla sem maður býr að alla ævi.

Innritun í Framhaldsskólann á laugum fyrir vorönn 2006 lýkur 10. des. nk.



NÁMSBRAUTIR:
Félagsfræðibraut
Náttúrufræðibraut
Íþróttabraut
Almenn námsbraut



Heimavist og mötuneyti
Góð íþróttaaðstaða



Framhaldsskólinn á Laugum er staðsettur í Reykjadal í Þingeyjarsveit. Þaðan er stutt til Akureyrar og Húsavíkur.



FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM
www.laugar.is | 464 6306 | 464 3112

Messíana með söngvurum Skuggaleiks þeim Ásgerði Júníusdóttur, Ingibjörgu Guðjónsdóttur, Eyjólfri Eyjólfssyni og Sverri Guðjónssyni í hlutverki skuggans.



Texti: GUNNÞÓRA GUNNARSDÓTTIR Myndir: HEIDA

Vill að hver búningur sé myndverk

Messíana Tómasdóttir hannar leikbúninga sem eftir er tekið. Nýjustu afrekin á því sviði eru búningarnir í Skuggaleik sem Strengjaleikhúsið hennar frumsýnir á morgun í Íslensku óperunni með tónlist eftir Karólínu Eiríksdóttur við texta eftir Sjón.

„Ég byrjaði strax sem barn að hanna búninga. Ég eignaðist not-hæfa barnasaumavél mjög ung og síðan fór ég að nota saumavél heimilisins. Það voru heilu bunkarnir af gömlum fötum á há-loftinu heima og ég stjórnaði fyrsta leikfélaginu með krökkum í götunni minni og skólanum. Við bjuggum til leiksýningar fyrir hverfið og yngri bekkina í skólanum. Ég samdi, leikstýrði og gerði leikmynd og búninga og lék svo með og söng. Það var mikið um söngva í þessum ævintýrasýningum. Ég var á ýmsum myndlistar-námskeiðum frá því ég var barn, en fór síðan ekki í nám fyrr en 27 ára. Þá átti ég orðið þrjú börn. Þegar ég kom úr námi fór ég að vinna með Leikfélaginu Grímu, en þar var atvinnufólk í leikhúsi að láta leikhúsdrauma sína rætast í sjálfbodavinnu.“

Ekki kveðst Messíana hafa tölu á þeim búningum sem hún hefur gert.

„Ég held það sé eins og með hólana í Vatnsdal, vötnin á Arnarvatnsheiði og eyjarnar á Breiðafirði, þeir eru orðnir óteljandi. Ég hef unnið við margar barnasýningar fyrir Þjóðleikhúsið og það eru stórar sýningar með mörgum búningum. Alls eru sýn-

ingarnar mínar orðnar á milli 65 og 70 hér heima og víða erlendis fyrir leikhús, brúðuleikhús og sjónvarp.“

Spurð hvernig hugmyndirnar vakni að búningunum svarar hún. „Það er misjafnt, oft kvikna hugmyndir við fyrsta lestur textans. Síðan fer ég í langa göngutúra og eins kveikir tónlist hugmyndir, aðallega nútímatónlist. Ég fer eins oft á tónleika og ég get. Myndlist kveikir líka, þær myndlistarstefnur sem ég held upp á eiga oft við verkefni.“

Nú berst talið að Skuggaleik. Þar segir hún að sagan að baki óperunni, Skugginn eftir H. C. Andersen hafi ráðið ferðinni í búningagerðinni.

„Ég las söguna fyrir nákvæmlega 20 árum, var þá að gera brúður, leikmynd og búninga fyrir eigið verk í Finnlandi. Sagan hafði mikil áhrif á mig og síðan hef ég hugsað mikið um merkingu hennar. Loks ákvað ég að gera úr henni óperu. Sagan er tímalaus og margræð dæmisaga, algerlega laus við raunveruleika en á þó



BLÓM & KAFFI

Alltaf ný og fersk blóm

Gæða kaffi frá TE & KAFFI á könnunni

**Falleg og vönduð
gjafavara**

Opið
sunnudag til fimmtudags
frá kl. 11-21
Föstudaga og laugardaga
frá 10-21

Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði Sími: 565 0440 www.blomogkaffi.is



CHESAPEAKE BAY CANDLE™



house doctor



TE & KAFFI

Úr barnaóperunni Undir drekavæng eftir Mist Þorkeldsdóttur frá árinu 2005.



mjög ákveðið erindi við nútímann. Svo þekki ég mjög vel tónlistina hennar Karólínu og eins textana hans Sjón, hef lesið flest af því sem hann hefur skrifað, svo þeirra höfundareinkenni voru mér líka leiðarljós.“

Búningar Messíönu eru margir mikilfenglegir. „Ég geng frekar langt á þeirri leið sem ég vel hverju sinni og vil að hver búningur sé myndverk í sjálfu sér,“ segir Messíana sem kveðst nánast flytja inn í saumastofur leikhúsanna þegar hún vinni að leikmynd og búningum fyrir þau. „En þegar ég geri búninga í litla Strengjaleikhúsinu mínu þá geri ég þá helst eins og skúlptúra. Ég nota dætur mínar sem módel í þessari vinnu, til dæmis fyrir höfuðfötin sem ég hef mjög gaman af að gera, þau eru eins og punkturinn yfir i-ið.“ Messíana kveðst gera lítið af því að endurskapa búninga enda sé skemmtilegra að vinna þá frá grunni. Efnin kaupi hún á ferðum sínum erlendis. „Ég þekki efnabúðirnar í París nokkuð vel, dóttir mín býr þar og ég á oft leið þangað. Svo kaupi ég silkiefni í heilðsölu í London. Það sem mig vantaði enn í Skuggaleik keypti ég í leikhúsferð til New York. Úrvalið er auðvitað meira erlendis en hér og verðið ekkert sambærilegt, svo ég get leyft mér að nota vönduð og falleg efni. Ég kaupi þau á meðan ég er á hugmyndastiginu og læt þau oft ráða för í búningagerðinni.“ En hvað skyldi verða um búningana þegar sýningum lýkur? „Búninga Strengjaleikhússins geymi ég sjálf og í öðrum leikhúsum eru þeir ýmist geymdir saman eða notaðir aftur og þeim þá ef til vill breytt. Það er þó frekar erfitt, því þeir bera yfirleitt sterk höfundareinkenni.“

Sigríður Sunna Reynisdóttir og svanurinn sem er tákn skáldsins í Skuggaleik, nokkurs konar sál hans.



FALLEGT JÓLAFÖNDUR

fyrir alla aldurshópa



FÖNDURKLÚBBUR
Panduro Hobby
Skráðu þig í föndurklúbbinn
á www.odd.is
og við sendum þér upplýsingar
um nýjar vörur, námskeið,
tilboð og margt annað
skemmtilegt.



pandurohobby@odd.is

SKRIFSTOFUVÖRUR

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Sími 515 5105
Opíð virka daga kl. 8-18

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opíð virka daga kl. 8-18

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opíð virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-16



Marínerað nautakjöt með rósmarín

Það einfalda er oft það besta og aldrei verða slíkar uppskriftir of oft ítrekaðar. Hér er uppskrift að nautakjöti sem marínerað er í úrvals ólífulíu og með nógu af ferskum rósmarínkvistum. Það þarf ekki meira til. Fyrir utan það er jafn einfalt að bera bara fram með kjötinu gott salat, en annars er allt gott með slíku kjöti.

Úrvals nautakjöt, skoríð í þunnar sneiðar
Úrvals ólífulía, extra virgin
Ferskir rósmarínkvistar
Safi úr sítrónu
Salt og svartur pipar
Balsamikedik

Leggið nautakjötið í skál, form eða jafnvel í plastpoka. Hellið ólífulíu yfir og smyrjið kjötið

þannig að olían leiki jafnt um það. Setjið ferskt rósmarín yfir og allt um kring. Sparið endilega ekki rósmarínið því það gerir góða bragðið. Setjið plastfilmu yfir mótið sem notað er og látið kjötið standa við stofuhita í a.m.k. sex klst. Grillið eða steikið kjötið og rósmarínið stuttlega á pönnu. Saltið og piprið eftir smekk. Leggið kjötið á fat, dreypið örliðu af olíu og sítrónusafa yfir. Gott að dreypra balsamikediki yfir að lokum.



FRANCOIS D'ALLAINES: *Lóla pinot noir*

Bourgogne pinot noir frá François d'Allaines er dæmigert rauðvín frá Búrgund, það er bragðmikið og elegant, með skógarilm og keim af lakkrís og trufflum. Þetta er einfaldlega mjög gott vín á góðu verði, gott með nauta- og lambakjöti. Eitt af örfaúm vínnum sem ræður við hamborgarhrygg og reykt kjöt. Auðvitað er svo Bourgogne Pinot Noir frábært með villibráð, enda nóg af kaninum, villisvínnum og dádýrum í Búrgund!

Pinot noir þrúgan er mjög viðkvæm og í Búrgund þar sem veðurfarir er mjög breytilegt er nauðsynlegt að fylgjast með henni mjög vel til að njóta einstaks karakters hennar og sérstöðu. Það gerir Francois d'Allaines. Búrgund er lítið hérað. Það er ca 5% af víngerðarsvæði Frakklands en stáar af 25% af staðarheitum landsins (eða appellation). Í dag eru í Búrgundi aðalega ræktaðar 2 þrúgur; eru pinot noir fyrir rauðvínið og chardonnay fyrir hvítvínið. Þótt lítið sé telur héraðið u.þ.b. 5000 vínframleiðendur. Þess má geta að vínið er ódýrasta pinot noir sem er til sölu í vínbúðum og verður á tilboðsverði á þemadögum í vínbúðunum sem hefjast innan tíðar og eru tileinkaðir hátíðarvínnum.

Verð í Vínbúðum 1.490 kr.

SÓLGIN Í GLÆPASÖGUR

Rithöfundurinn Yrsa Sigurðardóttir sendi á síðasta ári frá sér glæpasöguna Þriðja táknið sem fékk fádæma góðar viðtökur. Hún lagði nýverið lokahönd á aðra skáldsögu, Sér grefur gröf, sem kemur út á morgun og hefur rétturinn að henni þegar verið seldur til fjölda landa.

Við Yrsa hittumst í Árnagarði við Háskóla Íslands, vettvangi glæpsins úr Þriðja tákniinu. Á meðan við komum okkur fyrir í kaffistofunni, segist hún vera fegin að Sér grefur gröf skuli vera tilbúin. Ég spyr hvort ekki hafi verið erfitt að byrja á annarri bók eftir vinsældir Þriðja táknsins og þá segist hún alltaf eiga svolítið erfitt með að hefja skrif. Hún huggi sig hins vegar við þau orð að enginn sé raunverulega rithöfundur nema hann óttist að skrifa.

FRÆGÐIN KNÝR DYRA

Það er engum ofsögum sagt að Þriðja táknið er vinsæl bók og hefur fengið góða dóma í blöðum, ekki síst erlendis þar sem gagnrýnendur hafa keppst við að ausa hana lofi. Einn gekk svo langt að kalla Yrsu hina nýju glæpasögudrottningu Norðurlanda. Sjálf vill sem hún minnst úr skjótfenginni frægð gera og segist einfaldlega hafa viljað skrifa glæpasögu sem hana langaði sjálfa til að lesa.

„Þekking mín á glæpasöguforminu kom sér vel við skrifin,“ segir Yrsa. „Ég hef nefnilega verið sólgin í slíkar bókmenntir alveg frá tólf ára aldri eða þegar ég komst fyrst í kynni við Agóthu Christie. Svo var með þessa sögu eins og önnur verk eftir mig að hún er hugsuð sem hrein og bein afþreying en ekki fagurbókmenntir. Slíkar bækur skrifa sem betur fer aðrir og ferst það betur úr hendi en mér. Mikilvægt er að hafa fjölbreytt svið bóka í boði ef bókin á að halda velli. Sjálf myndi ég til dæmis aldrei geta lesið sögu um einhverjar hoppandi hindir eða tistandi snjótittlinga úti í skógi. Þá leggði ég frekar kapal.“

Yrsa telur þann sagnfræðilega fróðleik sem samofinn er söguþræðinum líka eiga sinn þátt í vinsældum bókarinnar og á þar við galdrafárið sem gekk yfir Evrópu á hinum myrku miðöldum. „Það víkkar auðvitað út söguheim verksins í tíma og rúmi og ljær sögunni alþjóðlegan blæ, svipað og þýsku sögupersónurnar gera,“ útskýrir hún.

„Ég var reyndar gagnrýnd fyrir að fara of mikið ofan í saumana á slíkri almennri vitneskju og sumum fannst lýsingar á pyndingum rannsóknarréttarins óþægilega ýtarlegar. Sannleikurinn er hins vegar sá að þær fölna í samanburði við heimildir mínar, sem eru sumar svo ógeðfældar að mér hugnaðist ekki að fella þær óritskoðaðar inn í söguna. Ég fæ reyndar enn ábendingar frá Amazon, þar ég sem pantaði þær, um bækur með heldur vafasömum titlum,“ bætir hún við og hlær.

Yrsa segist jafnframt eiga Arnaldi Indriðasyni rithöfundi mikið að þakka. Hann hafi vakið bókaforlög til vitundar um þann gríðarlega áhuga sem er fyrir íslenskum glæpasögum, innan jafnt sem utan landsteinanna, og rutt brautina fyrir aðra íslenska glæpasagnahöfundu.

Yrsa viðurkennir þó að vinsældir Þriðja táknsins hafi komið sér í opna skjöldu. Raunar kveið hún fyrir bókadómunum og átti allt eins von á að gagnrýnendur mynd hakka söguna í sig. „Mér létti stórlega þegar jákvæðir dómur fóru að birtast,“ segir hún brosandí. „Í raun gerði ég mér heldur ekki grein fyrir hversu mikla athygli bókin hafði fengið, fyrr en mér var bent á það í partíi sænska forlagsins sem annaðist útgáfu hennar. Rithöfundarnir ráku upp stór augu þegar ég upplýsti þá um að hafa

helst getið mér til frægðar að hafa skrifað barnabækur og bentu á hversu óvenjuleg athyglin væri miðað við þann bakgrunn. Ég var að þeirra mati óþekkt stærð.“

SÁ LÍKIÐ LJÓSLIFANDI FYRIR SÉR

Þótt frægðin hafi knúið dyra hefur Yrsa tekist að halda sér og einkalífínu furðu vel frá sviðsljósinu. Hún brosir þegar ég spyr hvort hún sé svona fjölmiðlafælin að eðlisfari eða rithöfundurinn sé vísitandi að reyna að sveipa sig dulúð eins og átrúnadargóðið Agatha Christie. „Þvert á móti,“ svarar hún. „Ég skil bara ekki að fólki finnist spennandi að lesa um rithöfunda sem lifa flestir hefðbundnu lífi eins og ég. Svo eru því takmörk sett hve mikið hægt er að ræða um sama hlutinn, án þess að endurtaka sig. Er þá ekki bara betra að lesa bækurnar?“

Óvíst er hvort allir samsinni þeirri skoðun að Yrsa lifi hefðbundnu lífi. Hún er verkfræðingur að mennt, fór í framhaldsnám í Kanada þar sem hún átti heima í þrjú ár ásamt eiginmanni sínum og tveimur börnum, dóttur og syni, sem hún upplýsir mig stolt um að hafi nýverið gert sig að ömmu. Utan ritstarfa gegnir hún stöðu tæknistjóra eftirlits við Kárahnjúka og fellur því varla undir staðalmynd hins sárþjáða, sveltandi skálds. Eiginlega er mesta furða að henni skuli takast að láta allt ganga upp miðað við erilsamt líf.

„Það hefst allt saman með góðu skipulagi,“ segir Yrsa. „Ég vinn tíu daga uppi á Kárahnjúkum og flýg þess á milli í lítilli flugvél til Reykjavíkur þar sem ég ver fjórum dögum í faðmi fjölskyldunnar. Svo er ég svo lánsöm að maðurinn minn fór

„Í fyrstu hafði ég aðeins óljósa hugmynd um hvað sagan fjallaði um. Sá lík fórnarlambins þó ljóslifandi fyrir mér.“

„... sumum fannst lýsingar á pyndingum rannsóknarréttarins óþægilega ýtarlegar. Sannleikurinn er hins vegar sá að þær fólna í samanburði við heimildir mínar.“



í framhaldsnám í viðskiptafræði og hefur því tekið heimilishaldið að sér. Vinnan virðist því ekki ætla að bitna alvarlega á fjölskyldunni.“

Yrsa segir mér frá því að í raun hafi fjölskyldulífið og veran í Kanada att henni út í skrifin. Ævintýrið hafi byrjað með barnabókum sem syni hennar voru reglulega sendar frá Íslandi og voru fullar af siðaboðskap. Þær þótti henni heldur tilkomulitlar enda meira gefin fyrir skemmtanagildi bóka. „Ég hefði ekki litið við þeim sem barn þegar mér þótti gaman að lesa sögur Enid Blyton og Bobs Moran. Áhuginn á ráðgátubókum vaknaði greinilega snemma,“ segir hún og glottir út í annað. „Ég ákvað því að skrifa eigin barnabók og sendi handritið til Íslands þar sem hún vakti áhuga og var gefin út Máli og menningu árið 1998 undir heitinu Þar lágu Danir í því.

Þar lágu Danir í því vakti mikla lukku og af þeim góðu viðtökum sem næstu bækur Yrsu fengu, Við viljum jólin í júlí (2000), Barnapíubófinn, Búkolla og bókaránið (2001), B10 (2002) og Biobörn (2003), mátti ráði að ekki var um byrjandalán að ræða. Fyrir Við viljum jólin í júlí hlaut Yrsa viðurkenningu Barnabókaráðs Íslands, Íslandsdeildar Ibby, en Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir Biobörn. Hvað skyldi því hafa orðið til þess að hún söðlaði um og skrifaði glæpasögu handa fullorðnum þegar barnabækurnar nutu jafn mikillar hylli og raun bar vitni.

„Barnabækurnar eru allar í léttari kantinum og ég var búin að fá mig fullsadda af að vera myndin,“ svarar hún. „Í fyrstu velti ég því fyrir mér hvort ég ætti að skrifa um eitthvað sorglegt en valdi svo glæpasögu vegna þess hversu vel ég þekkti formið. Umskiptin gengu þó ekki átakalaust fyrir sig. Í fyrstu hafði ég aðeins óljósa hugmynd um hvað sagan fjallaði um. Sá lík fórnarlambins þó ljóslifandi fyrir mér. Brotin tóku síðan að raðast saman í heildstæða frásögn. Í fyrstu virðist hún kannski eiga lítið sameignlegt með barnabókunum, en við nánari athugun fjalla allar sögur mínar um venjulegt fólk sem lendir í óvenjulegum aðstæðum.“



RAGNHEIÐUR
GRÖNDAL
TÓDLÖG



1.999

Er komin í Skífunna

Ragnheiður Gröndal er ein ástsælasta söngkona landsins. Að þessu sinni sendir hún frá sér disk með íslenskum þjóðlögum í hennar eigin útsetningum.

12 Tónar

SKÓLAHÖNDLINGUR VEIÐI 1 5656
FIOLSTÍG 1, 101 REYKJAVÍK
WWW.12TONAR.IS

„Ég útiloka þó ekki að ég noti Kárahnjúka seinna sem söguvið í bók.“

VINNUFÉLAGARNIR TÝNA TÖLUNNI

Vinsældir Þriðja táknsins má einmitt að einhverju leyti rekja til þess hversu venjulegar manneskjur aðalpersónurnar, lögfræðingurinn Þóra Guðmundsdóttir og lögreglumaðurinn fyrrverandi Matthew Reich, hafa að geyma. Lesendur eiga oft auðveldara með að samsama sig slíkum persónugerðum. Miðað við djörfunginn sem þau sýna í framrás sögunnar er ljóst að þar er býsna öflugt tvíeyki á ferð. Það ætti því ekki að koma á óvart að skötu hjúin skuli skjóta aftur upp kollinum í næstu bók Yrsu, Sér grefur gröf, sem er sjálfstætt framhald Þriðja táknsins.

Yrsa vill ekki gefa alltof mikið uppi um nýju bókina, en segir hana hefjast með því að Þóra er ráðin af hóteleiganda á Snæfellsnesi sem íhugar málsókn á hendur fyrri eigenda vegna reimleika. „Síðan er morð framið,“ heldur Yrsa áfram. „Í framrás sögunnar uppgötvar Þóra smám saman að tengsl virðast vera á milli morðsins og draugagangsins og óhugnanlegs morðs á barni árið 1945.“

Yrsa segir ritun bókarinnar hafa verið alveg nýja reynslu fyrir sig þar sem um framhaldsögu er að ræða. „Ég lenti á köflum í pínulítilli klemmu þar sem ég vildi ekki misbjóða lesendum Þriðja táknsins með eintómum upprifjunum,“ útskýrir hún. „Á móti vildi ég ekki skilja nýja lesendur eftir í lausu lofti með því að undanskilja alveg kynningu á aðalpersónum. Ég vona bara að mér hafi tekist að feta milliveginnum svo allir verði sáttir við endanlega útkomu.“



Yrsa viðurkennir ennfremur að í fyrstu hafi hún velkst í vafa um að hafa Matthew með í nýju sögunni. Óformleg könnun sem hún framkvæmdi hafi hins vegar leitt í ljós eindreginn vilja til að lesa áfram um samband þeirra Þóru, enda margt óuppgergt þeirra á milli í lokin á Þriðja táknuinu. Hún lét því tilleiddast, þótt henni hafi fundist svolítið erfitt að koma Matthew fyrir í sögunni.

Í upphafi velti Yrsa fyrir sér að skrifa glæpasögu sem ætti sér söguvið á Kárahnjúkum vegna þess hversu magnað umhverfið er, en hætti við þar sem

henni þótti þeir standa of nálægt sér. Hún skellir upp úr þegar ég spyr stríðnislega hvort úr bókinni hefði þá mátt lesa dulda löngun til að koma leiðinlegum vinnufélögum fyrir kattarnef. „Alls ekki, þótt ég hafi að vísu nefnt sumar sögupersónur í Þriðja táknuinu eftir samstarfsfólkinu. Ég útiloka þó ekki að ég noti Kárahnjúka seinna sem söguvið í bók. Einhvern tímann í framtíðinni þegar þetta ávintýri hefur runnið sitt skeið á enda.“ Hún hefur ekki fyrir sleppt orðunum en gsm-síminn hennar hringir og tæknistjórinn er kallaður til starfa.

Allt á einum stað



rafmagnsrúm verð frá 84.510.-



dúnsængur & koddar



náttborð verð 9.800.-



eldhúsborð



eldhússtólar



barstólar



borðstofa



sjónvarpsherbergið



stofa



svefnsófar



sófasett & hornsófar



stólar / casper 39.000.-

www.toscana.is

HÚSGAGNAVERSLUN
TOSCANA
SMIDJUVEGI 2, KOP S: 587 6090

HÚSGÖGNIN FÁST EINNIS / HÚSGAGNAVAL, HÖFN 8: 478 2535



Texti: BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR
OG ROALD EYVINDSSON

Myndir: HEIÐA, VALLI, GETTY OG ÚR SAFNI

Afríka er ein ríkasta heimsálfan að náttúru-
auðlindum. Afríka er fátækasta heimsálf-
an. Í Afríku geisar alltaf stríð. Í Afríku var
eitt mesta friðarafrek mannsandans fram-
kvæmt þegar Nelson Mandela kom í veg
fyrir blóðbað í Suður-Afríku með því að fyr-
irgefa. Í Afríku er nægur matur til að fæða
allan heiminn. Í Afríku er hungursneyð. Í
Afríku er fólksfjölgun of mikil. Í Afríku eru
allir að deyja úr alnæmi.

Það er engin leið að gera Afríku almennileg
skil í stuttri umfjöllun. Afríka er risastór
og löndin og fólkið miklu ólíkari innbyrðis
en Ítalía og Ísland. Eftir nýlendutímamann
og eftirköst hans er Afríka að ná fötfestu
í nútímanum með öllum þeim vaxtar-
verkjum sem því tilheyrir. Eitt er þó alveg
víst: Afríka er ægifalleg og ef fókinu sem
hana byggir tekst að halda rétt á spöðun-
um er framtíð hennar björt.

AFRÍKA Á UPPLIÐ



Hver vill tærast upp af hatri?

Afríka er margbrotin heimsálfa þar sem
mikil uppbygging á sér stað og flestir búa
í sátt og samlyndi. Vegna nýlendustefnu
Evrópuþjóða í álfunni á 19. og 20. öld,
eru samt ýmis mál óútkljáð. Evrópuríkin
skiptu álfunni upp með sér landfræðilega
og steypu þannig ólíkum þjóðarbrotum
saman í þjóðir án nokkurrar hugsunar
um hvort fólkið ætti eitthvað sameigin-
legt eða ekki. Landamærin lágu jafnvel
gegnum þorp sem skyndilega tilheyrðu
hvort sínu landinu. Evrópskur hugsun-
arháttur og gildismat áttu ekki endilega
alltaf við og enn er verið að greiða úr
mistökum sem áttu sér stað á þessum
tíma. Eitt slíkt dæmi er Rúanda þar sem
nýlenduherrarnir Belgar gerðu nokkurs
konar yfirstétt úr þeim sem voru hávaxnir
og evrópskari í útliti en aðrir og kölluðu þá
Tútsa sem var tignarheiti innan ættbálks-
ins. Þessi aðskilnaður varð löngu seinna
hvatinn að hinum grimmdarlegu þjóð-
ernishreinsunum sem geisðu í Rúanda
á tíunda áratugnum en um þær má lesa í
bók Immaculée Ilbagiza, Ein til frásagnar.

Eitt af því sem þar kemur fram er hversu
afdrifarikt afskiptaleysi Vesturlanda af
ástandinu þar var, að hennar mati.

„Ég sé marga Vesturlandabúa gráta þegar
ég segi sögu mína og ég hugsa með mér:



Immaculée Ilbagiza hefur tileinkað sér fyrirgefningarstefnu
Nelsons Mandela.

ef einhver hefði tekið af skarið þegar þetta
var að gerast þá þyrfti þetta fólk ekki að
gráta. Vesturlönd misstu meira sjálf en
ef þau hefðu látið sig ástandið í Rúanda
einhverju varða.“ Hún telur að eitt símtal
frá Bandaríkjaforseta hefði verið nóg til

að fá stjórnvöld í Rúanda til að hugsa sinn
gang.

„Auðvitað varpa ég ekki sökinni á
Vesturlönd en ég held að hver sá sem gerir
þau mistök að koma ekki til hjálpar þegar
neyðin er stærst eigi eftir að iðrast þess
síðar. Og það væri fáránlegt að láta mistök-
in endurtaka sig.“

Rauður þráður í bók Immaculée er hins-
vegar fyrirgefningin og það er athyglis-
vert hvað hún á ríkan þátt í framtíð-
aruppbyggingu fleiri Afríkuríkja. Þannig
þjuggust fáir við því að Suður-Afríka
myndi jafna sig svo fljótt sem raun bar
vitni eftir aðskilnaðarstefnuna en áhersla
Nelsons Mandela á fyrirgefninguna er
meginástæða þess að Suður-Afríka er í
dag blómstrandi viðskiptaveldi en ekki
blæðandi sár. Svipað gerðist í Mósambík
þar sem vopnin voru grafin eftir tuttugu
ára borgarastyrjöld og engir sóttir til
saka. Fyrirgefningarhugsjónin kristallast
í orðum Immaculée Ilbagiza. „Hatrið var
það sem eyðilagði fjölskylduna mína og
lagði landið mitt í rúst. Þegar ég ákvað
að sleppa tókunum á reiðinni þá fann ég
innra með mér að ég varð ríkari og stærri.
Hver vill vera fullur af hatri og tærast upp?
Hver vill eftirláta börnunum sínum slíka
arfleifð?“

Brot

af því besta!



Dunilin gerir þér kleift að töfra fram glæsilega servíettuskreytingu í takt við tilefnið. Fjölbreytt litaúrval auðveldar þér að ná fram þeirri stemningu sem þú leitar eftir.

Í verslunum liggur frammi bæklingur frá Duni þar sem finna má fjölmargar hugmyndir að servíettubrotum og borðskreytingum.



Friður, menntun og lýðræði

Ástandið í Afríku er mikið í umræðunni og sýnist sitt hverjum um ástand og horfur í álfunni. Sjónarmið Afrikubúa sjálfra heyrast kannski sjaldnar en mörg önnur og því er fróðlegt að heyra skoðanir þeirra Eileen Nkondola frá Tansaníu og Cyprians O. Odoli frá Kenía en þau stunda bæði nám við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna sem er starfræktur hér á landi.

„Í Afríku er allt á hraðri uppleið en það eru margar hindranir í vegnum,“ segir Eileen. „Þið hérna á Íslandi búíð við mjög gott efnahagsástand en það er að hluta til vegna þess að þið eruð svo fá. Fólki fjölgar hratt í Afríku samhliða batnandi efnahagsástandi. Við erum að reyna að fá hlutina til að virka en það er erfitt þegar fólki fjölgar stöðugt.“



Með aukinni menntun og fjölskjöldastjórnun á Afríka eftir að ná góðri fótfestu meðal þjóðanna.

Cyprian samsinnir því og bætir við: „Menntun er annað sem þarf að bæta í Afríku, hún er ekki ókeypis eins og hér, nema á allra neðstu skólastigunum. Í Afríku er fólki stolt af því að eignast mörg börn en hugsar kannski minna um hvernig á að framfleyta þeim. Menntun á eftir að gera fólkinu ljóst að það er betra að eignast ekki nema tvö eða þrjú börn og koma þeim vel til manns.“ Hann segir að stjórn málaástandið þurfi líka að batna.


„Nú hefur verið komið á lýðræði í mörgum löndum Afríku

en sums staðar er spilling við lýði og það dregur úr framþróun.“

Eileen vill líka leggja áherslu á mikilvægi þess að koma á friði í álfunni. „Í Tansaníu er alltaf friður en við verðum fyrir áhrifum af átökum í öðrum löndum því flóttamenn streyma yfir landamærin. Ég held að friður og lýðræði séu undirstaða þess að Afríka blómstri.“

Þegar Íslendingurinn spyr hvað þeim líkar best við Ísland nefna þau bæði öryggið. „Hér eru engin vandamál á götunum og ég get farið út án þess að óttast um öryggi mitt,“ segir Eileen. „Svo get ég líka skilið eftir dótið mitt og engum dettur í hug að stela því.“

Cyprian bendir á að bilið milli ríkra og fátækra í Afríku sé svo mikið að sumir lifi í velystingum á meðan aðrir eigi ekkert að borða. „Það ýtir auðvitað undir glæpi en ég held að með aukinni menntun og fjölskjöldastjórnun eigi Afríka eftir að ná góðri fótfestu meðal þjóðanna.“



Þekking í sjávarútvegi er meðal þess sem Íslendingar hafa að miðla þjóðum í Afríku.



Mynd: FISTULA FOUNDATION

Dr. Catherine Hamlin hefur um áratuga skeið hjálpað fórnarlömbum fæðingarskaða.

Útskýfað vegna erfiðra fæðinga

A undanförunum árum hafa íbúar hins vestræna heims staðið á öndinni vegna skelfilegra frásagna af umskurði kvenna í þriðja heims ríkjum. Nú setur hins vegar óhug að mönnum við að heyra af ungum stúlkum í Afríku sem glíma við svokallað „fistula“ eða fistil.

Ekki er óalgennt að telpur gangi í hjónaband löngu áður en þær eru fullvaxnar. Verði þær barnshafandi er viðbúið að fæðingin gangi afar illa vegna þess að þær eru ekki fullvaxnar og þær bera þess merki fyrir lífstíð. Aðstæður stúlkanna eru oft hræðilegar. Þær eru fjarri heimahögum og hafa jafnvel engan sér til aðstoðar. Fæðingin dregst á langinn og þær rembast klukkustundum saman áður en þeim tekst að koma barninu í heiminn með harmkvælum. Dæmi eru um að þær fæði börnin úti í skógi.

Þessi mikla áreynsla og álagið sem fæðingunni fylgir valda því að þær rifna mjög illa. Einangrun og fáfræði verða til þess að þær gróa illa saman og ígerð hleypur í sárin.

Pá er ekki óalgennt að börnin fæðist andvana og stúlkurnar eru því að vonum illa á sig komnar bæði á líkama og sál eftir fæðinguna. Þá fer hjónabandið líka oft út um þúfur, því eiginmennirnir verða fráhræfdir eiginkonum sínum vegna þess hve illa þær eru leiknar eftir barnsburðinn.

Ef svo fer, neyðast stúlkurnar til að snúa aftur í foreldrahús þar sem þeim er gjarnan úthlutað kofaræskni til að búa í, þar sem fordómafullir fjölskyldumeðlimirnir vilja ekki eiga heima undir sama þaki. Sé stúlkunum ekki úthýst af fjölskyldunni og úr heimaþorpinu búa þær í kofanum það sem þær eiga eftir ólífað.

Lengi vel höfðu þessar stúlkur ekki í önnur hús að vanda eða þar til dr. Catherine Hamlin og eiginmaður hennar Reginald opnuðu spítala í Eþíópíu árið 1974, sérstaklega ætlaðan til að hlúa að þessum fórnarlömbum. Frá þeim tíma hefur dr. Hamlin hjálpað tugþúsundum stúlkna með hjálp skurðlækna og er óhætt að segja að hún hafi því unnið ótrúlegt þrekvirki.

Í dag rekur dr. Hamlin einnig sérstök samtök og þorp fyrir þessi fórnarlömb fistula en hægt er að fræðast um starfsemina á vefsíðunni www.fistulafoundation.org. Þar inni eru einnig ábendingar um hvernig megi leggja sitt af mörkum til að styðja við starfsemina.

SALKA – Lífið í mörgum myndum



Rauðhettur eru konur sem vilja njóta breytinganna í lífi sínu til fulls. Viittu vera með? Eina skilyrðið er að vera orðin fimmtug!

Rauðhettuklúbburinn er glæsí bók sem sngir frá lírikum hlagskap gstaðsanna kvenna um allan heim.


Rauðhettur mynda net kvenna sem vilja kynna og eru til í að brogða á leik eftir að hafa staðið undir kröfum og ábyrgð í áranabir.

Í dag eru **Rauðhettur** í Bandaríkjunum og Kanada að nalgast háfa milljón og deildir eru byrjaðar að skjóta rötum í Evrópu, Ástralíu og á Nýja-Sjálandi — og auðvitað Íslandi.

Viljiðu vita meira um þessa bráðskemmtilegu bók og starfsemi **Rauðhettudeildanna**, skaltu finna nauða huttin á www.salkaforlag.is



Súsanna Ósvörssóttir myndi



Teyggjur – allra meina bót

Íslendingar vita grinnilega að teyggjur geta gerit kraftaverk því þessi bók hefur farið um ens og eldur í sínu. Teyggjur eru ekki eingöngu góðar eftir rakkina heildir geta þær líka endurnýtað líkaminn, broytt líkamssóðunni, losað um vöðvaðlgu og minnkað stírnauka.

Hér er ljét í máli og myndum áhrifakerum teygjuæfingum sem hægt er að gera hvar sem er, heima, á vinnustað eftir langar setur og í rakkinni.



Við eigum fleira í gömlu handverki en fallega lopapeysumynstrið.

Í Rósaleppapjónin í nýju ljósi máttast gamli og nýi tíminn og ölkoman er hlumleg felaðórnun ens og hún gerist best. Rósaleppar voru notaðir í skinnskó áður fyrr. Hálvina Magnúsdóttir, listakona og höfnaður, notar gömlu mýnstrin, kerfi aðferðina við þetta séríslenska prjón og gefur upphefnir af gjæsilegum höfnaðilikum.



FLOTT FYRIR VETURINN

KYNNING



1



2



3



4



5

1. Companys Kringlunni. 3.990 kr. 2. Kiss Kringlunni. 4.990 kr.
3. Gallabuxnabúðin Kringlunni. 8.990 kr. 4. Next Kringlunni. 7.690 kr.
5. Next Kringlunni. 15.990 kr. 6. Companys Kringlunni. 8.990 kr.
7. Companys Kringlunni. Skyrta & vesti 3.990 kr. 8. Next Kringlunni.
3.290 kr. 9. Kiss Kringlunni. 7.990 kr. 10. Companys Kringlunni.
9.990 kr. 11. Next Kringlunni. 7.590 kr. 12. Gallabuxnabúðin
Kringlunni. 2.950 kr.



6



7




8



9



10



11



12

Tískuíkon #4

EDIE SEDGWICK

Edie Sedgwick er fyrst og fremst þekkt fyrir að hafa leikið í kvikmyndum Andy Warhol, en þau tvö voru lengi vel óaðskiljanlegir vinir. Edie var yfirstéttarstúlka frá Kaliforníu sem flutti til New York og tók þar fullan þátt í framandi lífnaðarháttum avant-garde listamanna.

Hún varð fljótlega háð eiturlyfjum og þrátt fyrir að hafa haft góða fyrirsætuþæfileika náði hún aldrei tilskyldum árangri á því sviði. Hún birtist m.a. á síðum tímarita á borð við Live og Vouge, en slúðurblöðin höfðu alltaf meiri áhuga á að fjalla um eiturlyfjanotkun hennar og villtan lífsstíl. Edie átti líka við fleiri vandamál að stríða en eiturlyfjafíkn. Hún var með lysterstol og ýmis geðræn vandamál sem sendu hana inn og út af stofnunum og þessir lífnaðarhættir

urðu til þess að hún lést aðeins 28 ára gömul. Edie hafði sérstakan og persónulegan stíl líkt og aðrar konur sem kalla má táknmyndir tískunnar. Hún var yfirleitt í þröngum leggings, eða sokkabuxum, sem hún nennti ekki að klæða sig úr eftir danstíma. Málaði sig mjög mikið um augun, notaði gerviaugnahár og ýkti augabrúnirnar upp úr öllu valdi. Hárið var alltaf stutt og tjásulegt og mest klæddist hún stuttum, steluplegum kjólum og notaði derhúfur við. Á þessu ári var gerð kvikmynd um líf Edie Sedgwick sem kemur í kvikmyndahúsin á næstunni. Myndin heitir Factory Girl og það er enginn önnur en tískuíkonin Sienna Miller sem leikur hlutverk Edie í myndinni.





Einstök verslun fyrir hátíðleg tilefni

COAST SMÁRALIND | SÍMI 554 5111

Handtöskur í hátískustíl

Carrie Bradshaw var á því að handtaskan væri konum jafnmikilvæg og eistun væri karlmönnum. Hvort sem það er rétt þá er hún að minnsta kosti einn skemmtilegasti og jafnvel kvenlegasti fylgihluturinn því karlmenn með handtöskur eru sjaldséðir. Gemsinn, veskið, snyrtibuddan, handáburðurinn, ilmvatnið og allt dótið sem nauðsynlegt er að hafa með sér í dagsins önn. Það væri nú leiðinlegt að þurfa að fylla alla vasa af þessu dótarí. Það besta við handtöskurnar er hins vegar úrvalið í dag og hversu dásamlega fallegar töskur hægt er að finna í búðunum. Á rölti niður Laugaveginn úir og grúir af glæsilegum töskum og hér eru nokkur sýnishorn.



ÖMMULEG. Sæt taska í ömmustíl sem fæst í Spúútnik.



KRÚTT. Falleg þrjónataska úr Trilogíu sem kostar alls ekki mikið miðað við fegurðina.



STÓRGLÆSILEG. Sérstök útgáfa af Gucci-tösku sem gerð var í tilefni af 85 ára afmæli fyrirtækisins. Nákvæm eftirlíking af tösku sem framleidd var í kringum sjöunda áratuginn. Fæst í Noma.



ÓTRÚLEG. Þessi getur ekki annað en heillað allar konur upp úr skónum. Falleg taska frá Just Cavalli, ódýrara merki Robertos Cavalli. Fæst í Noma.

KATE MOSS Hún veit að það þarf fallega tösku til að fullkomna hvaða stíl sem er. Hér spókar hún sig með fallega svarta leðurtösku.

TÖFFARALEG. Svört og flott taska úr Spúútnik.



Mynd: GETTY IMAGES

Gleðileg jól

með rétta ilminum fyrir hann og hana



*Victoria & David
Beckham*



*Cool Water
Game*



Jennifer Lopez



Cool Water



*Sarah Jessica Parker
Lovely*



Miss Sixty



Morgan





Á rauða dreglinum í gylltum síðkjól.



Í sérstaklega fallegum kjól í Cannes.

Töff álfa-DROTTNING

Ástralska leikkonan Cate Blanchett sveiflast frá því að leika bankaræningja yfir í harðvítugan blaðamann og yfirnáttúrulega álfadrottningu eins og ekkert sé. Í raunveruleikanum leikur hún sama leikinn þegar kemur að klæðaburði og stíl, og er hún jafnflott í jakkafötum eða miklum og drottningarlegum rauðadregilskjólum. Hún eltist ekki við tiskuna og virðist hafa sinn eigin stíl sem er örlítið frábrugðinn stíl stallsystra hennar. Hún er sjálfstæð í fatavali og er hvorki upptekin af sólbrúngu né því að sýna vöxtinn.



Cate er þekkt fyrir ljósan hörunds-litinn og flaggar honum stolt.



Kjöll með japönsku kimono-sniði. Sérstakur og flottur.



Hér er Cate í stíl við eiginmann sinn sem er með henni á myndinni.



Gelluleg í svörtum kjól með uppsett hárl.

Sæl á jólanótt

Svíf þú inn í svefninn

Hágæða sælurúm



Það er ekki að ástæðulausu sem við köllum þessi rúm sælurúm.

Þessi geysivinsælu rúm eru mjög fullkomin, með nuddi og þráðlausri fjarstýringu sem hefur minni fyrir hinar ýmsu stillingar.

Þú getur valið um margar stærðir og mismunandi stifleika á springdýnum.



**Allir
fá þá
eitthvað
fallegt!**

Sængurverasett,
sængur og koddar,
rúmteppi, náttborð og
margt fleira til að gleðja
þá sem að þér þykir vænt um.



Allt eftir þínum óskum!

Bólstraðir höfðagaflar og botnar í mörgum litum og margs konar áklæðum.

Íslensk hönnun – Íslensk framleiðsla – Íslenskt, já takk!



Hágæðarúm á góðu verði. Sjá nánar á www.rbrum.is

Opið alla virka daga frá kl. 8–18 og á laugardögum frá kl. 10–14.

RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RB
RÚM
Stofnað 1943

Hollustuna heim!

Hollur og góður kinamatur, stórir skammtar - beint heim til þín.



TILBOÐ 1

Djúpstektar rækjur
Original hot and
sweet svínakjöt
Snöggsteikt nauta-
kjöt í ostrusösu
Kínverskar
eggjaröður
m/kjúklingsi og
grænmeði
Hrisgrjón, súrsæt
sósa, prjónar og
soya sósa

1.345 á mann
2.500 fyrir tvo

TILBOÐ 2

Djúpstektar rækjur
Peking kjúklingsur
m/kínaveppum
Wok steikt lambs-
kjöt m/svartbauna-
sósu
Original hot and
sweet svínakjöt
Hrisgrjón súrsæt
sósa, prjónar og
soya

1.445 á mann
2.500 fyrir tvo

TILBOÐ 3

Rifjapartý

Konton svínarífl
Hrisgrjón, prjóna
og soya
poki af Maarud

1.250 á mann
2.500 fyrir tvo

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLJA Í „TAKE AWAY“

BARNABOX



2 kjúklingleggir franskar
og kokteilsósa kinderegg
700 kr



ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19

FRÍ HEIMSENDING

Lágmarkspöntun er kr. 1.900,- en kr. 4.000,- í Hafnarfönd.

Opíð: mán-fimmtdaga 12-21:30, föstu og laugardaga 12-22:30
sunndaga 17-21:30, www.indokina.is

PÖNTUNARSÍMI 552 2399

safnarinn

Guðný Svavarsdóttir



Mynd: GUN

Saga bak við hverja og eina fingurbjörg

„Ég byrjaði að safna fingurbjörgum fyrir svona 15 árum þegar við hjónin fórum í ferðalag um skosku hálöndin. Okkur fannst þær svo auðveldar í flutningi því þær tóku svo lítið pláss í farangrinum. Svo fór þetta að vinda upp á sig,“ segir Guðný og kveðst nú eiga eitthvað á annað hundrað fingurbjargir frá 25 löndum. Skyldi hún vera svona víðförl? Nei, fólk hefur óspart lagt mér lið við söfnunina. Flestir vinir og að ég held allir ættingjar taka með sér eina eða tvær þegar þeir eru á ferðalagi og færa mér.“

